





## Innleiðing Kanban í nýtt teymi: Hvað er á bak við töfluna?

Aðferðir verkefnastjórnunar hafa notið síaukinna vinsælda vegna þarfar skipulagsheilda til þess að auka skilvirkni og mæta síbreytilegum kröfum nútíma viðskiptaumhverfis. Kanban aðferðin er einföld en áhrifarík. Hún miðar meðal annars að því að gera vinnuna fyrirsjáanlegri og vinnuálag jafnara. Rannsókn þessi var gerð í samstarfi við ónefnda skipulagsheild. Þátttakendur voru ellefu talsins, allt starfsmenn skipulagsheildarinnar. Markmið rannsóknar var að innleiða töl, í von um að það myndi aðstoða þátttakendur við að bæta starfshætti sína og vinna á skilvirkari hátt.

Vegna eðli rannsóknarinnar var ákveðið að framkvæma starfendarannsókn, þar sem slíkar rannsóknir eru umbótamiðaðar og tilgangur þeirra er að allir sem að þeim koma læri af reynslunni. Í starfendarannsóknnum er stöðugt verið að safna gögnum, túlka þau og greina svo hægt sé að taka ákvörðun og halda áfram á næsta stig rannsóknar. Fyrsta skref var að safna gögnum um núverandi stöðu verkefnastjórnunar innan skipulagsheildarinnar. Gögnum var safnað með þremur einstaklingsviðtölum og rýnihóp. Eftir greiningu gagna var ákveðið að innleiða Kanban töflu þar sem hún var talin koma til móts við þarfir skipulagsheildarinnar. Einnig var talinn kostur að taflan er auðveld í innleiðingu og notkun. Þátttakendur notuðu töfluna í þrjár vikur en á þeim tíma voru gerðar vikulegar athuganir í formi töflufunda. Að þeim tíma loknum átti seinni rýnihópur sér stað, markmið hans var að safna gögnum um reynslu og upplifun þátttakanda á notkun töflunnar.



Niðurstöður sýna að þrátt fyrir stuttan reynslutíma þá sáu þátttakendur mikinn ávinning af notkun töflunnar. Þátttakendur sögðust hafa verið skilvirkari og skipulagðari, einkum varðandi aðhald og yfirsýn. Á heildina litið voru þátttakendur ánægðir með töfluna og hyggjast halda áfram að nota slíka töflu. Rannsókn þessi sýnir fram á að á stuttum tíma getur innleiðing aðferða og tóla verkefnastjórnunar leitt gott af sér, eins og til dæmis skilvirkari vinnubrögð, betra skipulag og meiri yfirsýn yfir verkefni.

